

## EBITDA 2.915 millj. kr. á 2. ársfjórðungi 2024

### Helstu niðurstöður

- Vörusala nam 36.037 millj. kr. samanborið við 34.199 millj. kr. árið áður og jókst um 5,4% milli ára.
- Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 8.593 millj. kr. og jókst um 837 millj. kr. eða 10,8% á milli ára.
- Framlegðarstig nam 23,8% og hækkar um 1,1 p.p. frá 2F 2023 og hækkar 2,0 p.p. frá 1F 2024.
- Laun og starfsmannakostnaður eykst um 6,6% en stöðugildum fjölgar um 4,5% milli ára.
- EBITDA nam 2.915 millj. kr. samanborið við 2.562 millj. kr. árið áður sem er hækkun um 13,8% milli ára.
- Hagnaður fjórðungsins nam 953 millj. kr. eða 11,1% af framlegð vörusölu og hækkar um 29,1% á milli ára.
- Handbært fé frá rekstri nam 3.063 millj. kr. eða 35,6% af framlegð, samanborið við 2.859 millj. kr. árið áður.
- Eigið fé nam 36.105 millj. kr. og er eiginfjárlutfallið 37,2% í lok 2F 2024.
- Lyfja kemur inn í samstæðuna frá 1. júlí og er EBITDA spá félagsins fyrir árið 2024 hækkuð um 800 millj. kr. og er 12.300 – 12.700 millj. kr.

Milljónir króna	2F 2024	2F 2023	Breyt.	% Breyt.	6M 2024	6M 2023	Breyt.	% Breyt.
<b>Rekstrarreikningur</b>								
Vöru- og þjónustusala	36.037	34.199	1.838	5,4%	68.260	63.683	4.577	7,2%
Framlegð af vöru- og þjónustusölu	8.593	7.756	837	10,8%	15.626	13.984	1.642	11,7%
Aðrar rekstrartekjur	527	518	9	1,7%	1.035	1.015	20	2,0%
EBITDA	2.915	2.562	354	13,8%	4.813	3.962	851	21,5%
EBIT	1.932	1.703	230	13,5%	2.906	2.175	731	33,6%
EBT	1.169	905	264	29,1%	1.399	734	666	90,8%
Hagnaður tímabilsins	953	738	215	29,1%	1.155	647	508	78,5%
<b>Efnahagsreikningur</b>					<b>30.6.2024</b>	<b>31.12.2023</b>	<b>Breyt.</b>	<b>% Breyt.</b>
Birgðir					13.259	13.557	-299	-2,2%
Viðskiptakröfur					6.316	5.985	331	5,5%
Handbært fé					3.395	3.362	33	1,0%
Vaxtaberandi skuldir					37.174	37.140	33	0,1%
Nettó vaxtaberandi skuldir					33.779	33.778	1	0,0%
Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA					2,8	3,8	-1,0	-25,4%
Eiginfjárlutfall					37,2%	37,3%	-0,1 p.p.	-0,2%
Arðsemi eigin fjár					11,1%	8,7%	+2,4 p.p.	28,1%
<b>Sjóðstreymi</b>	<b>2F 2024</b>	<b>2F 2023</b>	<b>Breyt.</b>	<b>% Breyt.</b>	<b>6M 2024</b>	<b>6M 2023</b>	<b>Breyt.</b>	<b>% Breyt.</b>
Handbært fé frá rekstri	3.063	2.859	204	7,1%	3.600	4.097	-496	-12,1%
Fjárfestingarhreyfingar	-529	-330	-199	60,2%	-1.264	-1.146	-118	10,3%
Fjármögnunarahreyfingar	-2.059	-2.017	-42	2,1%	-2.284	-2.749	465	-16,9%
Handbært fé í lok tímabils	3.395	2.326	1.069	46,0%	3.395	2.326	1.069	46,0%
<b>Lykiltölur</b>								
Framlegð af vörusölu	23,8%	22,7%	+1,1 p.p.	5,1%	22,9%	22,0%	+0,9 p.p.	4,2%
Starfsmannakostnaður/framlegð	51,3%	53,3%	-2,0 p.p.	-3,8%	53,5%	55,9%	-2,4 p.p.	-4,2%
EBITDA/framlegð	33,9%	33,0%	+0,9 p.p.	2,7%	30,8%	28,3%	+2,5 p.p.	8,7%
Hagnaður/framlegð	11,1%	9,5%	+1,6 p.p.	16,5%	7,4%	4,6%	+2,8 p.p.	59,7%
Hagnaður á hlut	3,2	2,4	0,8	30,3%	3,8	2,1	1,7	80,1%
Handbært fé frá rekstri/framlegð	35,6%	36,9%	-1,3 p.p.	-3,3%	23,0%	29,3%	-6,3 p.p.	-21,4%
Fjárfestingar	956	714	242	33,9%	1.697	1.566	131	8,3%

## Rekstur 2. ársfjórðungs 2024

Rekstur félagsins gekk vel á öðrum ársfjórðungi og var niðurstaðan í takt við áætlanir stjórnenda. Vörusala jókst um 5,4% milli ára og afgreiðslufjöldi um 4,6% á milli ára. Framlegðarstig nam 23,8%, hækkar um 2,0 p.p. frá síðasta ársfjórðungi og hækkar um 1,1 p.p. frá fyrra ári. Framlegð í krónum hækkar um 10,8% milli ára en rekstrarkostnaður hækkar um 8,6% á sama tíma. EBITDA félagsins nam 2.915 millj. kr. sem er 13,8% hækkun milli ára. EBITDA Krónunnar var 179 millj. kr. hærri en árið áður, EBITDA N1 var 119 millj. kr. hærri og EBITDA ELKO var 32 millj. kr. lægri en árið áður. Nettó fjármagnskostnaður lækkar um 34 millj. kr. eða 4,2% milli ára. Hagnaður annars ársfjórðungs nam 953 millj. kr. sem er hækkun um 215 millj. kr. eða 29,1% milli ára. Horfur fyrir árið framundan eru góðar.

Í júlí fór fram uppgjör á greiðslu kaupverðs á öllu hlutafé Lyfju hf. til seljanda og kemur félagið inn í samstæðu Festi frá 1. júlí 2024. Kaupverð hlutafjár nam 7.117 millj. kr. sem skiptist í útgáfu 10 milljón eigin hluta Festi fyrir 2.040 millj. kr. og greiðslu handbærs fjár fyrir 5.077 millj. kr. Á árinu 2023 þá nam velta Lyfju 16,4 ma. kr. og EBITDA 1,4 ma. kr. EBITDA afkomuspá Lyfju fyrir seinni helming ársins 2024 nemur 800 millj. kr.

## Tekjur 2. ársfjórðungs 2024

- Heildartekjur námu 36.564 millj. kr. sem er aukning um 5,3% milli ára.
- Tekjur af vöru- og þjónustusölu námu 36.037 millj. kr. sem er aukning um 5,4% milli ára.
- Tekjur af dagvörusölu námu 19.199 millj. kr. sem er aukning um 9,9% milli ára.
- Tekjur af eldsneytis- og rafmagnssölu námu 10.003 millj. kr. sem er aukning um 3,7% milli ára.
- Tekjur af raftækjasölu námu 4.462 millj. kr. sem er aukning um 2,0% milli ára.
- Tekjur af annarri vöru- og þjónustusölu námu 2.373 millj. kr. sem er lækkun um 12,3% milli ára.

Milljónir króna	2F 2024	2F 2023	Breyt.	% Breyt.	6M 2024	6M 2023	Breyt.	% Breyt.
<b>Vöru- og þjónustusala</b>								
Dagvörur	19.199	17.477	1.722	9,9%	37.173	32.860	4.314	13,1%
Eldsneyti og rafmagn	10.003	9.642	361	3,7%	18.456	18.003	452	2,5%
Raftæki	4.462	4.374	87	2,0%	8.495	8.220	275	3,4%
Aðrar vörur og þjónusta	2.373	2.706	-333	-12,3%	4.136	4.600	-464	-10,1%
<b>Samtals vöru- og þjónustusala</b>	<b>36.037</b>	<b>34.199</b>	<b>1.838</b>	<b>5,4%</b>	<b>68.260</b>	<b>63.683</b>	<b>4.577</b>	<b>7,2%</b>
<b>Aðrar rekstrartekjur</b>	<b>527</b>	<b>518</b>	<b>9</b>	<b>1,7%</b>	<b>1.035</b>	<b>1.015</b>	<b>20</b>	<b>2,0%</b>
<b>Tekjur samtals</b>	<b>36.564</b>	<b>34.717</b>	<b>1.847</b>	<b>5,3%</b>	<b>69.295</b>	<b>64.697</b>	<b>4.597</b>	<b>7,1%</b>

Tekjur af dagvörusölu jukust um 9,9% milli ára en engin ný verslun var opnuð milli ára. Tekjur af eldsneyti og rafmagni jukust um 3,7% milli ára en hækkun á heimsmarkaðsverði eldsneytis nam á bilinu 1-11%, eftir vörutegundum. Selt magn nam um 55,3 millj. lítra sem er 2,6% aukning milli ára. Tekjur af raftækjasölu jukust um 2,0% milli ára en tekjur af annarri vöru og þjónustusölu lækkar um 12,3% milli ára vegna einskiptis sölu á síðasta ári á sorptunnum til Reykjavíkurborgar.

## Framlegð af vöru- og þjónustusölu á 2. ársfjórðungi 2024

- Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 8.593 millj. kr. sem er 10,8% aukning milli ára. Framlegðarstig nam 23,8% og hækkar um 2,0 p.p frá síðasta ársfjórðungi og hækkar um 1,1 p.p. frá fyrra ári.
- Framlegð af dagvörusölu nam 4.506 millj. kr. sem er aukning um 12,1% milli ára. Framlegðarstig nam 23,5% sem er hækkun um 0,5 p.p. milli ára.
- Framlegð af eldsneytis- og rafmagnssölu nam 1.886 millj. kr. sem er 324 millj. kr. aukning frá árinu áður. Framlegðarstig nam 18,9% og hækkar um 2,7 p.p. milli ára.
- Framlegð af raftækjasölu nam 1.153 millj. kr. sem er aukning um 4,9% milli ára. Framlegðarstig nam 25,8% sem er aukning um 0,7 p.p. milli ára.
- Framlegð af annarri vöru og þjónustusölu nam 1.049 millj. kr. sem er lækkun um 2,4% milli ára. Framlegðarstig nam 44,2% sem er hækkun um 4,5 p.p. frá árinu áður.

Milljónir króna	2F 2024	2F 2023	Breyt.	% Breyt.	6M 2024	6M 2023	Breyt.	% Breyt.
<b>Framlegð af vöru- og þjónustusölu</b>								
Dagvörur	4.506	4.021	485	12,1%	8.489	7.492	997	13,3%
Eldsneyti og rafmagn	1.886	1.562	324	20,7%	3.294	2.692	602	22,4%
Raftæki	1.153	1.099	54	4,9%	2.184	2.025	159	7,8%
Aðrar vörur og þjónusta	1.049	1.075	-26	-2,4%	1.659	1.775	-116	-6,5%
<b>Samtals framlegð af vöru- og þjónustusölu</b>	<b>8.593</b>	<b>7.756</b>	<b>837</b>	<b>10,8%</b>	<b>15.626</b>	<b>13.984</b>	<b>1.642</b>	<b>11,7%</b>

Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 8.593 millj. kr. samanborið við 7.756 millj. kr. á öðrum ársfjórðungi 2023 sem er 10,8% hækkun milli ára. Framlegð af dagvörusölu nam 4.506 millj. kr. sem er 12,1% aukning á milli ára. Framlegð af eldsneyti og rafmagni nam 1.886 millj. kr. sem er aukning um 324 millj. kr. milli ára. Framlegð af raftækjasölu nam 1.153 millj. kr. sem er 4,9% aukning milli ára. Framlegð annarra vara og þjónustu nam 1.049 millj. kr. sem er 2,4% lækkun milli ára.

## Rekstrarkostnaður 2. ársfjórðungs 2024

- Rekstrarkostnaður á 2F 2024 var 6.204 millj. kr. og hækkar um 492 millj. kr. milli ára eða um 8,6%.
- Launa- og starfsmannakostnaður hækkar um 273 millj. kr. eða 6,6% milli ára.
- Fjöldi stöðugilda nam 1.423 á fjórðungnum sem er fjölgun um 4,5% milli ára.
- Annar rekstrarkostnaður hækkar um 219 millj. kr. eða um 13,9% milli ára.

Milljónir króna	2F 2024	2F 2023	Breyt.	% Breyt.	6M 2024	6M 2023	Breyt.	% Breyt.
<b>Rekstrarkostnaður</b>								
Laun og annar starfsmannakostnaður	4.410	4.138	273	6,6%	8.357	7.810	547	7,0%
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>								
Rekstrarkostnaður fasteigna	529	523	6	1,1%	1.054	1.035	20	1,9%
Viðhaldskostnaður	264	239	25	10,5%	547	541	6	1,1%
Sölu- og markaðskostnaður	481	378	103	27,4%	853	726	127	17,5%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	142	132	10	7,5%	258	255	3	1,3%
Samskiptakostnaður	253	208	46	22,0%	503	444	59	13,3%
Vátrygginga- og tjónakostnaður	48	10	38	397,6%	101	43	58	133,5%
Annar kostnaður	77	86	-9	-10,6%	172	181	-9	-4,9%
<b>Samtals annar rekstrarkostnaður</b>	<b>1.794</b>	<b>1.575</b>	<b>219</b>	<b>13,9%</b>	<b>3.490</b>	<b>3.226</b>	<b>264</b>	<b>8,2%</b>
<b>Samtals rekstrarkostnaður</b>	<b>6.204</b>	<b>5.713</b>	<b>492</b>	<b>8,6%</b>	<b>11.847</b>	<b>11.036</b>	<b>811</b>	<b>7,4%</b>

**31. júlí 2024 – Afkomutilkynning Festi hf. á 2F 2024**

Laun og annar starfsmannakostnaður á 2F 2024 nam 4.410 millj. kr. samanborið við 4.138 millj. kr. á sama tíma árið áður sem er 6,6% hækkun milli ára. Fjöldi stöðugilda nam 1.423 á fjórðungnum sem er fjölgun um 62 stöðugildi eða 4,5% milli ára. Samningsbundnar launahækkunar höfðu 156 millj. kr. áhrif til hækkunar milli ára og aukning stöðugilda 166 millj. kr. Í neðangreindri töflu má sjá greiningu á hækkun launa og annars starfsmannakostnaðar í millj. kr. milli ára:

<b>Laun og starfsmannakostnaður samtals 2F 2023</b>	<b>4.138</b>
Stöðugildi - breyting	166
Samningsbundnar launahækkunar	156
Orlofsskuldbinding	-21
Aðrar breytingar	-29
<b>Laun og starfsmannakostnaður samtals 2F 2024</b>	<b>4.410</b>

Annar rekstrarkostnaður nam 1.794 millj. kr. samanborið við 1.575 millj. kr. á 2F 2023, sem er hækkun um 219 millj. kr. eða 13,9% milli ára. Hækkun sölu- og markaðskostnaðar nam 103 millj. kr. eða 27,4% en þar kemur aukinn kostnaður í ár af framleiðslu auglýsingaefnis sem kom seinna inn á samanburðarári. Áhrif verðbólgu og aukinnar sölu gætir annars á alla kostnaðarliði en ágætur árangur hefur náðst í lækkun alls rekstrarkostnaðar eins og samanburður við síðasta ár sýnir.

**Fjármagnsliðir 2. ársfjórðungs 2024**

- Nettó fjármagnskostnaður og áhrif hlutdeildarfélaganna voru neikvæð um 763 millj. kr. samanborið við 797 millj. kr. frá árinu áður. Lækkunin nemur 34 millj. kr. milli ára.
- Fjármagnstekjur námu 74 millj. kr. og hækka um 32 millj. kr. milli ára.
- Fjármagnsgjöld námu 962 millj. kr. og hækka um 69 millj. kr. milli ára.
- Gengismunur var neikvæður um 9 millj. kr. og lækkar um 13 millj. kr. milli ára.
- Áhrif hlutdeildarfélaganna voru jákvæð um 134 millj. kr. og hækka um 84 millj. kr. milli ára.

<b>Milljónir króna</b>	<b>2F 2024</b>	<b>2F 2023</b>	<b>Breyt.</b>	<b>% Breyt.</b>	<b>6M 2024</b>	<b>6M 2023</b>	<b>Breyt.</b>	<b>% Breyt.</b>
Fjármagnstekjur	74	42	32	76,1%	159	69	89	128,7%
Fjármagnsgjöld	-962	-893	-69	7,7%	-1.902	-1.711	-191	11,2%
Gengismunur	-9	4	-13	-298,3%	16	28	-12	-42,8%
Áhrif hlutdeildarfélaganna	134	50	84	168,3%	221	172	49	28,4%
<b>Samtals</b>	<b>-763</b>	<b>-797</b>	<b>34</b>	<b>-4,2%</b>	<b>-1.507</b>	<b>-1.442</b>	<b>-65</b>	<b>4,5%</b>

Fjármagnstekjur nema 74 millj. kr. og hækka um 32 millj. kr. milli ára. Fjármagnsgjöld nema 962 millj. kr. og hækka um 69 millj. kr. milli ára vegna áhrifa af hækkunum stýrivaxta Seðlabankans milli ára. Gengismunur var neikvæður um 9 millj. kr. sem er lækkun um 13 millj. kr. á milli ára. Áhrif hlutdeildarfélaganna eru jákvæð um 134 millj. kr. en voru jákvæð um 50 millj. kr. á sama tíma árið áður.

**Efnahagur og fjárhagsleg staða í lok 2. ársfjórðungs 2024**

- Heildareignir námu 96.929 millj. kr. í lok 2F 2024 og hafa aukist um 897 millj. kr. frá áramótum.
- Fastafjármunir námu 72.985 millj. kr. og hafa aukist um 581 millj. kr. frá áramótum.
- Veltufjármunir námu 23.944 millj. kr. og hafa aukist um 316 millj. kr. frá áramótum.
- Handbært fé nam 3.395 millj. kr. í lok 2F 2024 sem er hækkun um 33 millj. kr. frá áramótum.
- Nettó vaxtaberandi skuldir námu 33.779 millj. kr. og hafa hækkað um 1 millj. kr. frá áramótum.
- Eignfjárhlutfall félagsins var 37,2% í lok 2F 2024 samanborið við 37,3% í árslok 2023.

Milljónir króna	30.6.2024	31.12.2023	Breyt.	% Breyt.
Viðskiptavild	14.842	14.842	0	0,0%
Aðrar óefnislegar eignir	4.245	4.260	-15	-0,4%
Rekstrarfjármunir	35.820	35.779	41	0,1%
Leigugæðir	8.571	8.097	474	5,9%
Fjárfestingarfasteignir	6.914	6.647	267	4,0%
<b>Birgðir</b>	<b>13.259</b>	<b>13.557</b>	<b>-299</b>	<b>-2,2%</b>
Viðskiptakröfur	6.316	5.985	331	5,5%
Handbært fé	3.395	3.362	33	1,0%
<b>Vaxtaberandi skuldir</b>	<b>37.174</b>	<b>37.140</b>	<b>33</b>	<b>0,1%</b>
Nettó vaxtaberandi skuldir	33.779	33.778	1	0,0%
<b>Eignfjárhlutfall</b>	<b>37,2%</b>	<b>37,3%</b>	<b>-0,1 p.p.</b>	<b>-0,2%</b>
Veltuhraði vörubirgða	7,9	7,3	0,6	8,2%

Viðskiptavild nam 14.842 millj. kr. og aðrar óefnislegar eignir 4.245 millj. kr. í lok 2F 2024. Rekstrarfjármunir námu 35.820 millj. kr og hækka um 41 millj. kr frá áramótum. Fjárfestingarfasteignir nema 6.914 millj. kr. og hækka um 267 millj. kr. frá áramótum.

Vörubirgðir lækka um 299 millj. kr. frá áramótum. Viðskiptakröfur aukast um 331 millj. kr og handbært fé hækkar um 33 millj. kr. frá áramótum.

Nettó vaxtaberandi skuldir námu samtals 33.779 millj. kr. sem er hækkun um 1 millj. kr. frá áramótum. Arður samþykktur á aðalfundi í mars sl. að fjárhæð 904 millj. kr. var greiddur út í fjórðungnum. Eignfjárhlutfall félagsins var 37,2% í lok 2F 2024 samanborið við 37,3% í lok árs 2023. Lausafjárstaða félagsins er góð og efnahagsreikningur félagsins sterkur.

## Sjóðstreymi 2. ársfjórðungs 2024

- Handbært fé frá rekstri nam 3.063 millj. kr. eða 35,6% af framlegð, samanborið við 2.859 millj. kr. árið áður.
- Fjárfestingarhreyfingar voru neikvæðar um 529 millj. kr. sem er hækkun um 199 millj. kr. frá árinu áður.
- Fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar um 2.059 millj. kr. sem er hækkun um 42 millj. kr. frá árinu áður.

Milljónir króna	2F 2024	2F 2023	Breyt.	% Breyt.	6M 2024	6M 2023	Breyt.	% Breyt.
<b>Sjóðstreymi</b>								
<b>Handbært fé í byrjun tímabils</b>	<b>2.961</b>	<b>1.823</b>	<b>1.138</b>	<b>62,4%</b>	<b>3.362</b>	<b>2.112</b>	<b>1.250</b>	<b>59,2%</b>
Handbært fé frá rekstri	3.063	2.859	204	7,1%	3.600	4.097	-496	-12,1%
Fjárfestingarhreyfingar	-529	-330	-199	60,2%	-1.264	-1.146	-118	10,3%
Fjármögnunarhreyfingar	-2.059	-2.017	-42	2,1%	-2.284	-2.749	465	-16,9%
Gengismunur af handbæru fé	-41	-9	-32	373,0%	-20	11	-32	-276,7%
<b>Breyting á handbæru fé</b>	<b>475</b>	<b>511</b>	<b>-36</b>	<b>-7,1%</b>	<b>53</b>	<b>202</b>	<b>-149</b>	<b>-73,8%</b>
<b>Handbært fé í lok tímabils</b>	<b>3.395</b>	<b>2.326</b>	<b>1.069</b>	<b>46,0%</b>	<b>3.395</b>	<b>2.326</b>	<b>1.069</b>	<b>46,0%</b>

Handbært fé frá rekstri á 2F 2024 nam 3.063 millj. kr. sem er hækkun um 204 millj. kr. milli ára. Fjárfestingarhreyfingar voru neikvæðar um 529 millj. kr. sem eru 199 millj. kr. hærri en árið áður. Fjárfestingar í eignum voru 956 millj. kr. á tímabilinu. Afborganir af lánum og leiguskuldum námu 1.160 millj. kr. og fjármögnunarhreyfingar voru 42 millj. kr. hærri en árið áður. Handbært fé jókst um 475 millj. kr. á öðrum ársfjórðungi 2024 og nam handbært fé í lok tímabilsins 3.395 millj. kr.

## Horfur í rekstri Festi hf., EBITDA og CAPEX áætlun 2024

EBITDA spá félagsins er hækkuð um 800 millj. kr. og nemur nú 12.300 – 12.700 millj. kr.  
CAPEX spá félagsins fyrir árið 2024 er óbreytt og nemur 4.400 – 4.800 millj. kr.

Eftirfarandi utanaðkomandi þættir geta haft mikil áhrif á rekstur félagsins:

- Áhrif innrásar Rússa í Úkraínu og stríðsástands í Mið-Austurlöndum á vöruframboð.
- Miklar breytingar á heimsmarkaðsverði á hrávöru og gengi ISK.
- Mikil verðbólga á alþjóðamörkuðum þar með talið á Íslandi.
- Óvissa um fjölda ferðamanna til Íslands og ferðalög Íslendinga til útlanda.

Eiginfjárhlutfall félagsins er 37,2 % í lok fjórðungsins og félagið hefur sterka fjárhagsstöðu. Horfur í rekstrinum eru ágætari og er félagið vel í stakk búið til að takast á við verkefni framundan.

## 31. júlí 2024 – Afkomutilkynning Festi hf. á 2F 2024

### Hluthafar

---

- Markaðsvirði félagsins í lok 2F 2024 nam 61,5 milljörðum króna og lækkar um 0,5% frá ársbyrjun 2024.
- Hluthafar félagsins voru 1.172 í lok 2F 2024.

### Kynningarfundur og vefstreymi fyrir markaðsaðila, fimmtudaginn 1. ágúst 2024

---

Opinn kynningarfundur og vefstreymi fyrir markaðsaðila verður fimmtudaginn 1. ágúst 2024 þar sem Ásta S. Fjeldsted forstjóri Festi og Magnús Kr. Ingason framkvæmdastjóri rekstrar- og fjármálasviðs Festi munu kynna afkomu samstæðunnar og svara spurningum. Fundurinn hefst kl. 08:30 í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10 -14, 3. hæð.

Skráning á vefstreymi fer fram hér: <https://www.festi.is/tenglar/uppgjor-2f-2024>

Þátttakendur sem fylgjast með rafrænt geta sent inn spurningar á meðan á fundi stendur með því að senda tölvupóst á netfangið [fjarfestatengsl@festi.is](mailto:fjarfestatengsl@festi.is). Spurningum verður svarað að kynningu lokinni.

Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Festi: <https://www.festi.is/fjarhagsupplýsingar>

### Fjárhagsdagatal

- 3F 2024: 30. október 2024
- 4F 2024: 5. febrúar 2025
- Aðalfundur 2025: 5. mars 2025

Nánari upplýsingar veita Ásta S. Fjeldsted, forstjóri ([asta@festi.is](mailto:asta@festi.is)) og Magnús Kr. Ingason, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs ([mki@festi.is](mailto:mki@festi.is)).